Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

# SAMÚÐARKVEÐJUR

Forseti Íslands sendi í dag hennar hátign Margréti Danadrottningu eftirfarandi samúðarkveðju:

„Ég votta yðar hátign og dönsku þjóðinni einlæga samúð vegna hins sviplega fráfalls Jan Nordskov Larsen sjóliðsforingja sem drukknaði við björgunarstörf undan ströndum Íslands.

Hugur Íslendinga er með fjölskyldu hans og vinum og við biðjum yðar hátign að flytja þeim einlægar samúðarkveðjur.”

*20. desember 2006*

*Nánari upplýsingar veita Skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946) og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028).*